SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 8. ágúst 2019

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um upplýsingagjöf um farþega og áhöfn.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar drög að ofangreindri reglugerð sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 27. júní 2019.

Reglugerðin er sett fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. 51. gr. a. tollalaga nr. 88/2005 þar sem ráðherra er falið að kveða nánar á um umfang upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. og afhendingu á upplýsingum til tollstjóra.

SA telja að sú upplýsingamiðlun sem reglugerðardrögin gera ráð fyrir sé alltof víðtæk og ekki í samræmi við þær upplýsingar sem upplýsingaskyldir aðilar skv. 2. gr. reglugerðarinnar safna um farþega sína. Kröfur reglugerðarinnar eru þar af leiðandi óraunhæfar.

Sérstaklega eru gerðar athugasemdir við 5., 6., 7., 12., 14. og 16. tl. viðauka reglugerðardraganna. Lagt er til að umræddir töluliðir verði felldir út þar sem ómögulegt er að verða við afhendingu þeirra upplýsinga sem þar er mælt fyrir um. Upplýsingaskyldir aðilar búa ekki yfir upplýsingum um heimilisfang ferðamanns eða farmiðakaupanda (5. og 6. tl.), skipulag ferðar (7. tl.), tengsl forráðamanna við börn undir 18 ára aldri eða hvaða ferðaskrifstofa heldur utan um bókun (12. tl.).

Loks telja SA að skýra þurfi betur hvað felst í 14. og 16. tl. viðaukans. Það er enda ekki víst að upplýsingaskyldir aðilar hafi upplýsingar um sætisnúmer eða farangur ferðamanna.

Sú upplýsingasöfnun sem gert er ráð fyrir í reglugerðardrögunum er víðtækari en alþjóðlegir staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) mæla fyrir um. Það yrði því verulega íþyngjandi fyrir upplýsingaskylda aðila sem ferðast til og frá Íslandi að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar, verði henni ekki breytt.

SA leggja til að drögin verði endurskoðuð með framangreind sjónarmið að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir